



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 4. júlí 2011

Ákvörðun nr. 23/2011

Brot Landsbanka Íslands hf. á skyldu til þess að tilkynna um samruna

I.

Forsaga málsins og málsmeðferð

Þann 9. mars 2010 barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá NBI hf. (nýi Landsbankinn og hér eftir Landsbankinn), dags. 2. mars 2010, þar sem greint var frá sölu Landsbanka Íslands hf. (gamli Landsbankinn og hér eftir LÍ) á Bílaleigu Flugleiða ehf. (hér eftir Bílaleiga Flugleiða) til félagsins Norðurlöndin ehf. Fram kom í bréfinu að Landsbankinn hefði áður leyst til sín Bílaleigu Flugleiða og hefði það verið liður í innheimtu vangoldinna skulda. Auk þess kom fram í bréfinu að samningsaðilar hafi talið að umrædd sala hafi ekki leitt til tilkynningarskylds samruna. Engu að síður töldu aðilar rétt að upplýsa Samkeppniseftirlitið um samninginn og helstu forsendur hans.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 17. mars 2010, til Landsbankans var óskað eftir nánar tilteknum upplýsingum og gögnum í tengslum við sölu á Bílaleigu Flugleiða. Í kjölfar frekari bréfaskipta ákvað Samkeppniseftirlitið að stofna sérstakt mál þar sem kannað væri hvort brotið hefði verið gegn banni 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Í ákvæðinu kemur fram að tilkynna skuli um samruna áður en hann kemur til framkvæmda en eftir að samningur er um hann gerður, tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða yfiráðna í fyrirtæki er aflað. Verður nú gerð frekari grein fyrir málavöxtum.

1. Svarbréf Landsbanka Íslands hf.

Með bréfi frá LÍ, dags. 6. apríl 2010, bárust svör við bréfi Samkeppniseftirlitsins til Landsbankans. Fram kom í bréfinu að LÍ hefði leitað til Lex lögmannsstofu vegna þessa máls og að í ljósi þess að LÍ hefði yfirtekið alla hluti í Bílaleigu Flugleiða, með því að hafa gengið að veðum í tengslum við innheimtu vangoldinna skulda, þætti rétt að LÍ hefði forræði á upplýsingagjöf og eftir atvikum frekari meðferð málsins gagnvart Samkeppniseftirlitinu.

Ennfremur sagði LÍ að yfirtakan á Bílaleigu Flugleiða hefði verið liður í innheimtu vangoldinna skulda Magnúsar Kristinssonar og Smáeyjar ehf. við LÍ og Landsbankann. Lánasamningar þessara aðila hafi m.a. verið tryggðir með veðum í eignarhlutum Bergeyjar eignarhaldsfélags ehf. (hér eftir Bergey eignarhaldsfélag), sem væri að fullu í eigu Smáeyjar, í ýmsum fyrirtækjum. Í apríl 2009 hefði verið gert samkomulag milli LÍ, Magnúsar Kristinssonar, Smáeyjar og tengdra félaga sem fól í sér að LÍ tæki yfir öll hlutabréf Bergeyjar eignarhaldsfélags í Bílaleigu Flugleiða og fleiri dótturfélögum Bergeyjar eignarhaldsfélags. Gerður hefði verið kaupsamningur um yfirtöku LÍ á



félögunum þann 1. júlí 2009. Auk Bílaleigu Flugleiða hefði LÍ tekið yfir alla hluti Bergeyjar eignarhaldsfélags í félögunum Pizza Pizza ehf., M. Kristinssyni ehf., Bergey fasteignafélagi ehf., Sólningu Kópavogi ehf. auk minni hluta hlutafjár í öðrum félögum. Þá kom fram að félagið Toyota á Íslandi hf., dótturfélag að fullu í eigu Bergeyjar eignarhaldsfélags, væri jafnframt eitt þeirra fyrirtækja sem LÍ hefði í hyggju að taka yfir sem lið í fullnustugerð á hendur fyrrnefndum aðilum. Hins vegar hafi sérleyfishafi Toyota ekki samþykkt yfirtöku bankans á félaginu Toyota á Íslandi hf. og því hefði LÍ litið svo á að yfirráð hefðu ekki færst til LÍ og að tilkynningarskyldur samruni hefði ekki átt sér stað.

Sagði LÍ að við yfirtöku bankans á umræddum félögum hefði legið fyrir að þau yrðu seld til þriðja aðila innan skamms tíma. Af þeirri ástæðu, og í ljósi þess að ekki hefði legið fyrir nauðsynlegt samþykki sérleyfishafa í nánar tilgreindum tilvikum, teldi LÍ verulegan vafa leika á því hvort yfirráð hefðu í reynd stofnast og því hefði ekki verið um að ræða tilkynningarskyldan samruna.

2. Bréf frá Bifreiðum ehf. og Pizzusmiðjunni ehf.

Með bréfi eignarhaldsfélaganna Bifreiða ehf. (hér eftir Bifreiðar) og Pizzusmiðjunnar ehf. (hér eftir Pizzusmiðjan), dags. 15. apríl 2010, til Samkeppniseftirlitsins var eftirlitið upplýst um að félögin hefðu fregnað að Samkeppniseftirlitið hefði sent fyrirspurn til LÍ um ráðstafanir bankans í sambandi við samkomulag LÍ við Magnús Kristinsson og félög tengd honum um yfirtöku á hlutum í félögum sem sett höfðu verið að veði vegna skuldbindinga Magnúsar við bankann.

Fram kom í bréfinu að í tengslum við gerð framangreinds samkomulags hafi LÍ jafnframt samið við félögin Bifreiðar og Pizzusmiðjuna um yfirtöku þeirra á nokkrum þeirra félaga sem bankinn tók yfir úr hendi Magnúsar Kristinssonar. Yfirtökur félaganna hefðu verið gerðar með fyrirvörum um fjárhagslega endurskipulagningu hinna yfirteknu félaga og samþykki erlendra birgja. Í ljósi þess að þau skilyrði hefðu enn ekki gengið eftir væri litið svo á yfirtaka félaganna hefði ekki falið í sér samruna í skilningi samkeppnislaga.

3. Frekari upplýsingar frá LÍ

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 26. apríl 2010, til LÍ var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum varðandi afskipti LÍ af Bílaleigu Flugleiða og öðrum dótturfélögum Bergeyjar eignarhaldsfélags. Taldi Samkeppniseftirlitið jafnframt ástæðu til að vekja athygli LÍ á nýlegum aðgerðum eftirlitsins í tengslum við yfirtökur banka á skuldsettum félögum á samkeppnismörkuðum.

Í bréfi Samkeppniseftirlitsins var tekið fram að ekki hefði komið skýrlega fram í bréfi LÍ hvaða rök styddu þá niðurstöðu að umrædd lögskipti hefðu ekki falið í sér tilkynningarskyldan samruna og bent á að samkvæmt samkeppnislögum væru engar undantekningar gerðar frá tilkynningarskyldu vegna tímabundins eignarhalds fjármálafyrirtækja á fyrirtækjum í kjölfar fullnustuaðgerða. Vegna þessa óskaði Samkeppniseftirlitið eftir að LÍ skýrði nánar hvaða atvik hömluðu því að bankinn teldist fara með yfirráð í umræddum félögum. Auk þess var bent á að samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 skal Samkeppniseftirlitið sekta þá sem brjóta gegn banni við að samruni komi til framkvæmda og tilkynningarskyldu um samruna.



Með bréfi LÍ til eftirlitsins, dags. 14. maí 2010, bárust umbeðin gögn og upplýsingar. Í bréfinu kom fram að það sem LÍ teldi að hefði komið í veg fyrir að LÍ hefði farið með yferráð í umræddum félögum hefðu verið ákvæði í samningum við erlenda sérleyfishafa. Mæltu þau fyrir um að eigendaskipti á hinum íslensku fyrirtækjum gætu ekki átt sér stað án samþykkis sérleyfishafanna. Ljóst hefði verið að starfsemi þeirra fyrirtækja sem um ræddi byggði á þeim réttindum sem leiða mætti af umræddum sérleyfissamningum. Samningar þessir hefðu verið grundvallarforsenda þess að hægt hefði verið að halda rekstri fyrirtækjanna gangandi.

Til viðbótar framangreindu teldi LÍ nauðsynlegt að hafa í huga að umhverfi og aðstæður þegar umræddar ákvarðanir voru teknar hefðu verið mjög sérstakar. Gjörbreyttar aðstæður á íslenskum efnahags- og viðskiptamörkuðum hefðu leitt til þess að LÍ hefði tekið yfir hluti Bergeyjar eignarhaldsfélags í umræddum félögum. Þá væri ljóst að fjárhagsleg staða félaganna sem bankinn tók yfir hafi verið afar viðkvæm, flest þeirra í nokkurs konar fjárhagslegri gjörgæslu og framtíðarrekstur þeirra í óvissu. Í þessu samhengi taldi LÍ mikilvægt að hafa í huga að rekstrarlán umræddra félaga hafi verið hjá NBI og ákvörðunarvald um áframhaldandi rekstur og fjárhagslega endurskipulagningu í höndum þess banka og eftir atvikum annarra banka og fjármögnunarfyrirtækja. Vegna alls þessa taldi LÍ að veruleg óvissa léki um hvort bankinn hefði öðlast yferráð í skilningi samkeppnislaga yfir umræddum félögum, og þar með hvort um væri að ræða tilkynningarskyldan samruna í skilningi samkeppnislaga.

Að lokum áréttaði LÍ að bankinn liti ekki svo á að um væri að ræða einhvers konar undantekningu á tilkynningarskyldum samruna í skilningi samkeppnislaga þegar svo háttaði til að samþykki sérleyfishafa væri ekki fyrir hendi. Taldi LÍ hins vegar mikilvægt að litið væri heildstætt á það umhverfi og aðstæður allar sem uppi voru þegar ákvarðanir sem mál þetta varðaði hafi verið teknar. Ástæður fyrir yfirtöku félaganna, þ.e. uppgjör við skuldara bankans, fjárhagsleg staða þeirra, skortur á samþykki erlendra sérleyfishafa auk þeirrar staðreyndar að lán tengd rekstri félaganna hafi legið í öðrum bönkum en LÍ, hafi sameiginlega leitt til þess að LÍ hefði talið verulega óvissu leika um hvort raunveruleg yferráð bankans hefðu stofnast í skilningi samkeppnislaga. Það hafi verið ástæðan fyrir því að ekki hafi verið tilkynnt um yfirtökurnar sem samruna samkvæmt samkeppnislögum. Þá var það ítrekað að LÍ hefði hvorki vilja né hag af því að raska samkeppni á neinum mörkuðum. Óskaði LÍ eftir fundi með Samkeppniseftirlitinu til að fara nánar yfir sjónarmið sín í málinu.

4. Tilkynning LÍ um yfirtöku á dótturfélögum Bergeyjar eignarhaldsfélags

Í kjölfar umbeðins fundar forsvarsmanna LÍ með Samkeppniseftirlitinu, sem fram fór þann 2. júní 2010, sendi LÍ tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins. Í tilkynningunni, sem dagsett er 16. júní 2010, var tilkynnt um yfirtöku LÍ á eftirfarandi fyrirtækjum:

- Bílaleigu Flugleiða ehf.
- Toyota á Íslandi hf.
- M. Kristinssyni ehf.
- Pizza-Pizza ehf.
- Sólningu Kópavogi ehf.
- Bergey fasteignafélagi ehf.



Með tilkynningunni fylgdu nánari upplýsingar um viðkomandi aðila og fyrirtæki sem þeim tengjast. Auk þess var þeim mörkuðum sem umrædd félög störfuðu á lýst og gerð grein fyrir mati á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Taldi LÍ sér þó ekki unnt að leggja mat á markaðshlutdeild neinna hinna yfirteknu félaga fyrir utan Bílaleigu Flugleiða. Hvað varðar samkeppnisleg áhrif yfirtökunnar kom fram að yfirtaka LÍ á umræddum félögum hefði ekki farið fram með það að markmiði að hún myndi hafa einhver áhrif á daglegan rekstur félaganna. Bankinn hafi ekki haft í hyggju að eiga félögin til langframa og öll félögin, að Toyota á Íslandi undanskyldu, hefðu þegar verið seld til þriðja aðila.

Þannig hafi Bílaleiga Flugleiða verið seld félaginu Norðurlöndin ehf. þann 26. febrúar 2010. M. Kristinsson ehf. hafi verið selt eignarhaldsfélaginu Bifreiðar ehf. þann 4. ágúst 2009, með tilgreindum kaup- og sölurétti og fyrirvara um fjárhagslega endurskipulagningu. Félögin Sólning Kópavogi ehf. og Bergey fasteignafélag ehf. hafi jafnframt verið seld til Bifreiða ehf. sama dag. Félagið Pizza Pizza ehf. hafi verið selt til eignarhaldsfélagsins Pizzasmiðjunnar ehf. þann 4. ágúst 2009.

Fram kom að staða Toyota á Íslandi væri frábrugðin stöðu framangreindra félaga þar sem erlendi sérleyfishafinn, Toyota Motor Europe (TME), hefði ekki samþykkt eigandaskipti á félaginu. Vegna þessa hefði afsal ekki verið gefið út og engar breytingar verið gerðar á stjórn félagsins. Með hliðsjón af þessu teldi LÍ verulega vafasamt hvort unnt væri að líta svo á að bankinn hefði öðlast yfirráð yfir Toyota á Íslandi. Tekið var fram að með því að láta tilkynningu LÍ um samruna taka til Toyota fælist ekki á neinn hátt viðurkenning af hálfu bankans á því að bankinn hefði í skilningi samkeppnisréttar öðlast yfirráð yfir Toyota á Íslandi frekar en að bankinn hefði öðlast yfirráð í þeim skilningi á öðrum félögum sem umrædd tilkynning bankans náði yfir.

Þá kom fram að þar sem starfsemi LÍ væri alls ótengd þeim mörkuðum sem aðrir samrunaaðilar störfuðu á teldi LÍ að samkeppnisleg áhrif samrunans væru engin. Væri það m.a. ástæða þess að bankinn hefði skilað inn svonefndri styttri tilkynningu um samruna. Samruninn hefði hvorki áhrif á vöruframboð né eftirspurn á þeim mörkuðum sem um ræddi. Enda væri það tilgangur og markmið með yfirtöku á umræddum félögum að halda rekstri þeirra áfram óbreyttum. Keppinautum fækkaði því ekki við samrunann og teldu samrunaaðilar því útilokað að samruninn hefði skaðleg áhrif á samkeppni.

5. Bréf frá Samkeppniseftirlitinu um framkvæmd samrunans o.fl.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 29. júní 2010, var LÍ tilkynnt um að þau gögn sem Samkeppniseftirlitið byggir yfir bentu til þess að yfirráð yfir dótturfélögum Bergeyjar eignarhaldsfélags hefðu breyst þannig að um tilkynningarskylda samruna hefði verið að ræða í skilningi samkeppnislaga. Af þeim sökum hefði Samkeppniseftirlitið ákveðið að taka til athugunar í sérstöku máli hvort ákvæði 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga hefðu verið brotin í tengslum við umræddan samruna. Bent var á að ekki hefði verið óskað eftir undanþágu samkvæmt 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga frá banni við því að samruni komi til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallaði um hann. Kæmi því til álita að beita stjórnvaldssektum í samræmi við 37. gr. samkeppnislaga.

Auk framangreinds bréfs sendi Samkeppniseftirlitið sama dag bréf til eignarhaldsfélaganna Bifreiða og Pizzusmiðjunnar með vísan til áðurnefnds bréfs félaganna, dags. 15. apríl sl. Var þar minnt á ákvæði 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga



sem og 37. gr. sömu laga og áréttaði Samkeppniseftirlitið að samkvæmt samkeppnislögum bæru samrunaaðilar ábyrgð á því að tilkynna um tilkynningarskylda samruna. Samkeppniseftirlitið teldi þó ekki ástæðu til að hafa frekari afskipti af máli félaganna að svo stöddu.

Í svarbréfi LÍ, dags. 12. júlí 2010, vegna framangreinds kom fram að LÍ teldi efni hinna tveggja bréfa frá Samkeppniseftirlitinu ekki nægilega skýrt. Sagðist bankinn skilja efni bréfanna þannig að Samkeppniseftirlitið teldi ekki ástæðu til að kanna samkeppnisleg áhrif samruna LÍ og dótturfélaga Bergeyjar eignarhaldsfélags. Það gerði eftirlitið, að því er virtist, í ljósi þess að bankinn hefði ekki lengur yfirráð yfir félögunum, að Toyota undanskyldu. Óskaði LÍ eftir upplýsingum um hvort afstaða Samkeppniseftirlitsins væri sú að ekki væri ástæða til að kanna frekar samkeppnisleg áhrif samruna bankans við öll dótturfélögin eða hvort Samkeppniseftirlitið hefði einungis þessa afstöðu í þeim tilvikum sem dótturfélögin hefðu þegar verið seld til þriðja aðila.

Hvað varðaði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að taka til athugunar í sérstöku máli hvort ákvæði 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga hefðu verið brotin í tengslum við samrunann vísaði LÍ til þeirra sjónarmiða sem þegar hefði verið komið á framfæri. Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum, og vegna sérstaks eðlis málsins, teldi LÍ ekki tilefni til þess að Samkeppniseftirlitið beitti viðurlögum samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 23. ágúst 2010, var óskað eftir nánar tilgreindum gögnum frá LÍ sem ljóst var að vantaði í þau gögn sem LÍ hafði afhent eftirlitinu með bréfi þann 14. maí 2010 og vörðuðu samskipti milli LÍ, Landsbankans og annarra aðila í tengslum við yfirtöku LÍ á Toyota á Íslandi hf.

Með bréfi LÍ, dags. 26. ágúst 2010, voru afrit af umbeðnum gögnum afhent með þeim skýringum að LÍ hefði óskað eftir gögnum frá Landsbankanum í samræmi við ósk Samkeppniseftirlitsins frá 26. apríl 2010 og fyrir mistök hefði Landsbankinn ekki látið umrædd gögn fylgja með og því hefði þau vantað.

6. Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins

Í kjölfar rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á mögulegum brotum á 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga gaf stofnunin út andmælaskjal. Andmælaskjal er ritað í því skyni að stuðla að því að mál séu að fullu upplýst áður en ákvörðun er tekin og í því skyni að auðvelda aðila að nýta sér andmælarétt sinn. Í andmælaskjalinu, dags. 26. október 2010, voru atvik þessa máls rakin sem og helstu sjónarmið LÍ fyrir því að hafa litið svo á að yfirtakan hafi ekki falið í sér tilkynningarskyldan samruna í skilningi samkeppnislaga. Það mat LÍ virtist einkum hafa ráðist af eftirfarandi sjónarmiðum: Í fyrsta lagi ástæðu yfirtöku bankans, þ.e. að um uppgjör við skuldara bankans hafi verið að ræða. Í öðru lagi að við yfirtöku bankans á félögunum hafi legið fyrir að þau yrðu seld til þriðja aðila innan skamms tíma. Í þriðja lagi að samþykki sérleyfishafa fyrir eigendaskiptum í nánar tilgreindum tilvikum hafi ekki legið fyrir og að lokum í fjórða lagi sérstakar aðstæður á íslenskum efnahags- og viðskiptamörkuðum þegar umrædd yfirtaka átti sér stað. Framangreint hafði að mati LÍ leitt til þess að veruleg óvissa lék um það hvort til raunverulegra yfirráða bankans í skilningi samkeppnisréttar hefði stofnast.



Í andmælaskjalinu var tekin afstaða til framangreindra sjónarmiða LÍ og gerð grein fyrir frummati Samkeppniseftirlitsins á þeim. Kom þar fram að það væri frummat Samkeppniseftirlitsins að LÍ hafi náð yfirráðum yfir umræddum dótturfélögum Bergeyjar eignarhaldsfélags eigi síðar en við undirritun kaupsamnings þann 1. júlí 2009. Samruninn hafi því komið til framkvæmda áður en hann var tilkynntur og heimilaður. Því taldi Samkeppniseftirlitið að um brot á 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga hefði verið að ræða. Mætti LÍ því búast við verulega íþyngjandi stjórnvaldssektum vegna brotsins.

Samhengisins vegna er rétt að taka fram að með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 26. október 2010, var LÍ tilkynnt að samrunatilkynningin hefði ekki haft nein réttaráhrif. Vísað var til þess fyrirvara sem finna mátti í tilkynningu um yfirtöku LÍ á umræddum dótturfélögum Bergeyjar eignarhaldsfélags frá 16. júní 2010. Tók Samkeppniseftirlitið fram að í samkeppnislögum nr. 44/2005 og reglum sem af þeim leiða væri ekki gert ráð fyrir að unnt væri að tilkynna um samruna með fyrirvara. Tilkynning um samruna gæti því ekki talist gild nema samrunaðili tilkynni í góðri trú gerning sem hann telji og rökstyðji að feli í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Í ljósi þessa gæti Samkeppniseftirlitið ekki fengið séð að nein réttaráhrif samkvæmt samrunaákvæðum samkeppnislaga hefðu fylgt tilkynningu LÍ frá 16. júní 2010. Í bréfi LÍ frá 16. nóvember 2010 var þessari afstöðu Samkeppniseftirlitsins mótmælt.

7. Sáttumleitan LÍ o.fl.

Athugasemdir LÍ við andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins bárust með bréfi dags. 16. nóvember 2010. Áður en Samkeppniseftirlitið gat tekið afstöðu til þessara athugasemda barst eftirlitinu ósk um fund frá LÍ vegna þessa máls og annarra mála tengdum ákvæðum samkeppnislaga um skyldu til að tilkynna samruna.

Samkeppniseftirlitið féllst á ósk LÍ um fund og fór sá fundur fram hjá Samkeppniseftirlitinu þann 8. desember 2010. Á fundinum kom fram ósk LÍ um viðræður um sátt í málinu. Í kjölfar viðræðna var Samkeppniseftirlitinu greint frá því að LÍ óskaði eftir því að ljúka málinu með sátt, sbr. 17. gr. f samkeppnislaga. Taldi Samkeppniseftirlitið efni fyrirhugaðrar sáttar fela í sér fullnægjandi lyktir málsins og í samræmi við þetta voru drög að sátt send LÍ þann 7. janúar 2011.

Með bréfi LÍ, dags. 8. mars 2011, var hins vegar greint frá því LÍ teldi sér ekki unnt að ljúka málinu með sátt með þeim hætti sem áður hefði verið um rætt. Var í því sambandi vísað til viðræðna við slitastjórn bankans og ákvæða laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 29. mars 2011, var LÍ upplýstur um að í ljósi framangreindrar niðurstöðu LÍ væri það mat Samkeppniseftirlitsins, bærust ekki ný gögn eða sjónarmið sem gæfu tilefni til annars, að ekki yrði hjá því komist að taka málið til ákvörðunar á grundvelli andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins og athugasemda LÍ við það.

Í tengslum við boðaða ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sá LÍ ástæðu til að upplýsa Samkeppniseftirlitið, með bréfi dags. 1. apríl 2011, um nýlega atburði sem LÍ taldi hafa þýðingu og styðja það sem áður hafði komið fram af hálfu LÍ í málinu. Var þar átt við að Landsbankinn hefði tekið yfir félagið Pizza-Pizza ehf. og tilkynnt Samkeppniseftirlitinu um það en sú tilkynning barst eftirlitinu 18. mars 2011. Jafnframt upplýsti LÍ um að unnið



væri að lokafrágangi á skjölum vegna fyrirhugaðrar yfirtöku Landsbankans á Sólningu í Kópavogi ehf.¹

Samkvæmt LÍ var ástæða yfirtöku Landsbankans á framangreindum félögum í báðum tilvikum sú að ekki náðist niðurstaða um fjárhagslega endurskipulagningu félaganna gagnvart Eignarhaldsfélaginu Pizzasmiðjunni og Eignarhaldsfélaginu Bifreiðum sem keyptu umrædd félög á sínum tíma af LÍ. Ákvörðunarvald um fjárhagslega endurskipulagningu hefði verið í höndum Landsbankans þar sem öll rekstrarlán félaganna hefðu verið. Fyrir lægi að yfirtaka Landsbankans á Pizza-Pizza ehf. hefði verið framkvæmd með þeim hætti að LÍ virkjaði kauprétt sinn í kaupsamningi um félagið gagnvart Eignarhaldsfélaginu Pizzasmiðjunni og seldi félagið á sama degi og kauprétturinn var virkjaður til Landsbankans. Við það væri miðað að sama framkvæmd yrði viðhöfð vegna fyrirhugaðrar yfirtöku Landsbankans á Sólningu Kópavogi ehf.

LÍ teldi framangreint undirstrika þau sjónarmið sem hefðu verið ítrekuð af hálfu bankans gagnvart Samkeppniseftirlitinu, að ákvörðunarvald um framtíð fyrirtækjanna og yfirráð yfir þeim hefði ekki verið í höndum LÍ. Þar af leiðandi hefði í raun ekki stofnast til tilkynningarskyldra samruna hvað varðaði LÍ. Í öllu falli hefði verið til staðar þess háttar vafi um raunveruleg yfirráð LÍ yfir þessum fyrirtækjum á sínum tíma að afsakanlegt hefði verið að senda ekki samrunatilkynningu strax í júlí 2009.

8. Athugasemdir LÍ við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins

Athugasemdir LÍ við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins bárust eins og áður sagði með bréfi dags. 16. nóvember 2010. Er þar að mestu leyti um að ræða sömu röksemdafærslur og LÍ hafði í fyrri bréfum komið á framfæri við Samkeppniseftirlitið.

Í bréfinu kemur m.a. fram að LÍ telji ekki tilefni til þess að Samkeppniseftirlitið beiti viðurlögum skv. 37. gr. samkeppnislaga. Þessu til stuðnings vísar LÍ til sömu sjónarmiða og áður, þ.e. í fyrsta lagi að afar sérstakar aðstæður í málinu hefðu valdið verulegri óvissu frá upphafi um yfirráð LÍ yfir umræddum félögum. Í öðru lagi að samþykki erlendra sérleyfishafa fyrir eigandaskiptum hefði ekki verið fyrir hendi í ákveðnum tilvikum og í þriðja lagi er því haldið fram að ákvörðunarvald um fjárhagslega framtíð fyrirtækjanna hafi ekki verið á hendi LÍ, heldur þeirra viðskiptabanka sem fóru með lán tengd rekstri félaganna og þá fyrst og fremst Landsbankans.

LÍ bendir auk þess á að í þeim ákvörðunum sem Samkeppniseftirlitið hafði vísað til stuðnings í andmælaskjalinu hefðu aðstæður verið langt frá því að vera sambærilegar þeim aðstæðum sem hefðu verið uppi í þessu máli. Umræddar ákvarðanir hefðu allar verið frá síðari hluta ársins 2009 eða frá árinu 2010 og því nokkru eftir 1. júlí 2009 (þegar LÍ tók yfir félagin). Á tímamarki samrunans hefði engin reynsla verið komin á það hvernig samkeppnisyfirvöld tækju á yfirtökum banka og fjármálafyrirtækja á öðrum félögum í tengslum við gjörbreyttar aðstæður í efnahagslífinu.

¹ Sú tilkynning barst Samkeppniseftirlitinu 4. maí 2011.



II.

Niðurstaða

Í máli þessu er tekið til skoðunar hvort ætlaður samruni LÍ við umrædd dótturfélög Bergeyjar eignarhaldsfélags hafi komið til framkvæmda áður en tilkynnt var um hann til Samkeppniseftirlitsins. Hafi samruninn komið til framkvæmda áður en tilkynnt var um hann er það í andstöðu við 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.

1. Samruninn

Líkt og að framan greinir lítur LÍ svo á að yfirtaka bankans á umræddum félögum hafi ekki falið í sér samruna í skilningi samkeppnisréttar. Tilkynnt var um þessa gerninga með fyrirvara og sérstökum áskilnaði um að í tilkynningunni fælist ekki viðurkenning á því að um samruna hafi verið að ræða.

Helstu röksemdir LÍ fyrir því að yfirtaka bankans á umræddum félögum hafi ekki falið í sér tilkynningarskyldan samruna í skilningi samkeppnislaga virðast að mati Samkeppniseftirlitsins einkum vera eftirfarandi: Í fyrsta lagi ástæða yfirtöku bankans, þ.e. að um uppgjör við skuldara bankans hafi verið að ræða. Í öðru lagi að við yfirtöku bankans á félögunum hafi legið fyrir að þau yrðu seld til þriðja aðila innan skamms tíma. Í þriðja lagi að samþykki sérleyfishafa fyrir eigendaskiptum í nánar tilgreindum tilvikum hafi ekki legið fyrir og að lokum í fjórða lagi sérstakar aðstæður á íslenskum efnahags- og viðskiptamörkuðum þegar umrædd yfirtaka átti sér stað.

Áður en tekin verður afstaða til framangreindra sjónarmiða LÍ verður fyrst vikið að skilgreiningu samkeppnislaga á hugtakinu samruni og gerð grein fyrir reglum samkeppnislaga er lúta að skyldu aðila til að tilkynna um samruna til Samkeppniseftirlitsins.

1.1 Hugtakið samruni

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfiráðum til frambúðar með þeim hætti sem nánar er gerð grein fyrir í stafliðum a til d í ákvæðinu. Getur samruni skv. þessu m.a. falist í því að fyrirtæki taki yfir annað fyrirtæki.

Hugtakið yfiráð er nánar skýrt í 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Þar segir:

„Yfiráð skv. 1. mgr. skapast af rétti, með samningum eða með einhverjum öðrum hætti sem annaðhvort sérstaklega eða samanlagt, og með hliðsjón af staðreyndum eða lagalegum atriðum sem við eiga, gerir aðila kleift að hafa afgerandi áhrif á fyrirtæki, einkum með:

- a. eignarhaldi eða rétti til að nota eignir fyrirtækis, allar eða að hluta,*
- b. rétti eða samningum sem veita afgerandi áhrif á samsetningu, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir stofnana fyrirtækis.“*

Má vera ljóst að um yfiráð er að ræða þegar viðkomandi aðili öðlast eða hefur möguleika til þess að hafa afgerandi bein eða óbein áhrif á mikilvægar viðskiptaákvarðanir fyrirtækis. Það sem máli skiptir í þessu sambandi er möguleikinn til þess að hafa áhrif af þessum toga á grundvallarákvarðanir sem varða stefnu viðkomandi fyrirtækis og áætlanir. Réttur til afskipta eða raunveruleg afskipti af daglegri starfsemi viðkomandi fyrirtækis hefur því



takmarkaða þýðingu.² Það nægir að möguleikinn til þess að hafa umrædd áhrif sé fyrir hendi. Ekki er því þörf að sýna fram á að möguleikinn hafi verið nýttur.³

Mikilvægt er að hafa í huga að hugtökin samruni og yfirráð eru að meginstefnu af efnahagslegum toga. Aðalatriðið er að meta hvort aðili hefur í raun (de facto) möguleika á því að hafa umrædd áhrif. Það hvort áhrifin grundvallast á formbundnum gerningi eða einhverju öðru hefur ekki sérstaka þýðingu í samkeppnisrétti. Þannig skiptir ekki máli í samkeppnisrétti á hvaða grunni slík áhrif byggjast svo fremi sem þau séu til lengri tíma og veiti möguleika á að hafa umrædd afgerandi áhrif á fyrirtæki.⁴ Sökum þessa getur t.d. aðili talist hafa yfirráð yfir fyrirtæki jafnvel þótt þessi aðili sé ekki formlega skráður fyrir eignarhlut í fyrirtækinu, heldur annar aðili.⁵

Ef samruni byggir á samningi verður hann að hafa verið gerður í skilningi 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Þetta skilyrði er uppfyllt þegar fyrir liggur bindandi samningur sem aðilar geta ekki einhliða vikið frá. Fyrirvarar í slíkum samningum sem aðilar hafa komið sér saman um, t.d. um samþykki hluthafa eða opinberra aðila líkt og Samkeppniseftirlitsins, breyta þessu ekki ef samningurinn telst eftir sem áður skuldbindandi.⁶ Fyrirvarar í samningi um að birgjar samþykki eigendaskipti leiða almennt heldur ekki til þess að viðkomandi gerningur teljist ekki vera samruni, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2008 *Eignarhaldsfélagið Sævarhöfði ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

² Sjá t.d. Cook & Kerse, EC Merger Control, fimmta útgáfa 2009, bls. 36: „It is control (direct or indirect) over decisions which determine the strategic commercial behaviour of the undertaking which results in the creation of a single economic unit and a "concentration" within the meaning of the Regulation. The Commission is not, therefore, concerned with the rights to day-to-day management of an undertaking or which have the limited purpose of protecting the financial interests of minority shareholders, (i.e. in the event of a winding up or a major disposal) and these rights will be ignored in determining control for the purpose of the Regulation. Sbr. Commission Consolidated Jurisdictional Notice under Council Regulation (EC) No 139/2004 on the control of concentrations between undertakings (2008/C 95/01), paras 66 og 67.

³ Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í McCormik/CBC/Rabobank/Ostmann málinu, [1993] CMLR 535. Sjá einnig Cook & Kerse, EC Merger Control, fimmta útgáfa 2009, bls. 38: „The mere possibility of exercising decisive influence is sufficient to constitute control within the meaning of the Regulation. It is not necessary to demonstrate that influence has, in fact, been exercised. However, the possibility of doing so must be a real and effective one.”

⁴ Sjá t.d. Cook & Kerse, EC Merger Control, fimmta útgáfa 2009, bls. 37: „The means by which control is acquired is largely irrelevant in determining whether a concentration has occurred, provided... that control extends to commercial policy and is of a lasting nature. ... Control may thus be conferred by combination of legal and other factors. Since the concept of concentration is also predominantly an economic one, it is not surprising that the Regulation focuses on the substance of the transaction concerned and its likely effect on the behaviour and incentives of the undertakings concerned, and not on its form. ”

⁵ Sjá t.d. tilkynningu framkvæmdastjórnar EB um skilgreiningu á hugtakinu samruni (Commission Notice on the Concept of Concentration) OJ C 66, 2. mars 1998: „There may be exceptional situations where the formal holder of a controlling interest differs from the person or undertaking having in fact the real power to exercise the rights resulting from this interest. This may be the case, for example, where an undertaking uses another person or undertaking for the acquisition of a controlling interest and exercises the rights through this person or undertaking, even though the latter is formally the holder of the rights. In such a situation, control is acquired by the undertaking which in reality is behind the operation and in fact enjoys the power to control the target undertaking ... The evidence needed to establish this type of indirect control may include factors such as the source of financing or family links. ”

⁶ Sjá tilkynningu framkvæmdastjórnar EB (Commission Consolidated Jurisdictional Notice under Council Regulation (EC) No 139/2004 on the control of concentrations between undertakings). Sjá einnig Barry E. Hawk og Henry L. Huser, *European Community Merger Control: A Practitioner's Guide*, bls. 292: „„Conclusion of the Agreement" This standard is met only by an enforceable agreement, whether written or oral, that cannot unilaterally rescinded by either party and that is intended to create a relationship upon each party can rely. An agreement whose consummation is contingent upon normal approvals (e.g., shareholders or regulatory approvals) meets this test.”



Yfirtökur banka og fjármálastofnana á skuldsettum félögum teljast til samruna í skilningi samkeppnislaga og eru tilkynningarskyldir eins og aðrir samrunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 18/2009, *Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hefur Samkeppniseftirlitið afgreitt fjölda slíkra samrunamála á liðnum misserum, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2010, *Samruni eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. og Teymis hf.* og ákvörðun nr. 15/2010, *Yfirtaka Arion banka, NBI, Íslandsbanka, Haf funding og Glitnis á Reitum*.

1.2 Niðurstaða um samruna

Gögn málsins sýna að samkvæmt samkomulagi LÍ og Landsbankans við Magnús Kristinsson, Smáey ehf. og Bergey eignarhaldsfélag, sem undirritað var 8. apríl 2009, skuldbatt stjórn Bergeyjar eignarhaldsfélags sig til að selja LÍ eða aðila sem LÍ tilnefndi alla hluti Bergeyjar eignarhaldsfélags í umræddum félögum. Fram kom í samkomulaginu að kaupsamningar vegna þessara fyrirtækja yrðu undirritaðir innan sex vikna frá gerð samkomulagsins. Kom fram að aðilum væri ljóst „að það kann að taka lengri tíma að fá niðurstöðu um breytingu á eignarhaldi félaga sem fara með umboð erlendra framleiðenda eða þjónustuaðila, þar sem umboðssamningar áskilja samþykki við breytingum á eignaraðild.“ Segir í samkomulaginu að LÍ muni hafa umsjón með samningagerð sem tengist þessu.

Þann 1. júlí 2009 voru undirritaðir eftirfarandi kaupsamningar milli LÍ og Bergeyjar eignarhaldsfélags:

- Kaupsamningur um hlutafé í Bílaleigu Flugleiða ehf. Afsal var einnig undirritað þennan sama dag. Að auki var undirrituð sérstök viljayfirlýsing milli LÍ og sérleyfishafa Hertz (Hertz International Ltd.) þar sem fram kemur m.a. að aðilar viðurkenna eignarhald LÍ á Bílaleigu Flugleiða ehf.⁷
- Kaupsamningur um hlutafé í Pizza-Pizza ehf. Kemur fram í samningnum að seljandi hafi fullkomna heimild til þess að framselja eignirnar í félaginu. Afsal var einnig undirritað 1. júlí 2009.⁸
- Kaupsamningur um hlutafé í Sólningu Kópavogi ehf. Fram kemur í samningnum að seljandi hafi fullkomna heimild til þess að framselja eignirnar í félaginu. Afsal var einnig undirritað þennan sama dag.⁹
- Kaupsamningur um hlutafé í Bergey fasteignafélagi ehf. Fram kemur í samningnum að seljandi hafi fullkomna heimild til þess að framselja eignirnar í félaginu. Afsal var einnig undirritað þennan sama dag.¹⁰
- Kaupsamningur um hlutafé í M. Kristinssyni ehf. Fram kemur að LÍ yfirtaki 100% hlutafjár í fyrirtækinu sama dag og samningurinn sé undirritaður. Einnig kemur fram í samningnum að seljandi hafi fullkomna heimild til þess að framselja eignirnar í félaginu. Í 9. gr. samningsins segir að hann sé gerður „með fyrirvara um samþykki Toyota Motor Europe (TME) um eigendaskipti á Félaginu. Afsal á Félaginu verður ekki gefið út til kaupenda, fyrr en framangreint samþykki hefur

⁷ Bílaleigan var síðan seld til þriðja aðila þann 26. febrúar 2010.

⁸ Pizza Pizza ehf. var síðan selt til þriðja aðila þann 4. ágúst 2009, með tilgreindum kaup- og sölurétti. Þann 18. mars 2011 virkjaði LÍ kauprétt sinn í félaginu og seldi það aftur samdægurs til Landsbankans.

⁹ Sólning Kópavogi ehf. var síðan selt til þriðja aðila þann 4. ágúst 2009, með tilgreindum kaup- og sölurétti. Þann 3. maí 2011 virkjaði LÍ kauprétt sinn í félaginu og seldi það aftur samdægurs til Landsbankans.

¹⁰ Bergey fasteignafélag ehf. var síðan selt til þriðja aðila þann 4. ágúst 2009.



verið veitt af hálfu Toyota Motor Europe (TME)." Afsal var hins vegar undirritað sama dag og kaupsamningurinn.¹¹

- Kaupsamningur um hlutafé í Toyota á Íslandi hf. Fram kemur að LÍ yfirtaki 100% hlutafjár í fyrirtækinu sama dag og samningurinn sé undirritaður. Einnig kemur fram að seljandi hafi fullkomna heimild til þess að framselja eignirnar í félaginu. Í 9. gr. samningsins segir að hann sé gerður „með fyrirvara um samþykki Toyota Motor Europe (TME) um eigendaskipti á Félaginu. Afsal á Félaginu verður ekki gefið út til kaupenda, fyrr en framangreint samþykki hefur verið veitt af hálfu Toyota Motor Europe (TME)." Fram kemur í samrunatilkynningu að þetta fyrirtæki hafi ekki verið selt.

Eins og að framan greinir falla yfirtökur banka og annarra fjármálastofnana á fyrirtækjum undir samruna í skilningi samkeppnislaga. Engu breytir í þessu sambandi þótt um sé að ræða lið í fullnustugerð á hendur skuldara, banki eða fjármálastofnun hyggist selja hið yfirtekná félag innan skamms tíma eða að talið sé að samruninn hafi ekki skaðleg áhrif og gefi ekki tilefni til íhlutunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 18/2009 *Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Á LÍ, líkt og öðrum fjármálafyrirtækjum, að vera þetta vel ljóst. Aukinheldur breyta sérstakar aðstæður á íslenskum efnahags- og viðskiptamörkuðum engu varðandi túlkun samkeppnislaga. Má í þessu sambandi t.d. vísa til álits Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 *Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum* og umræðuskjals nr. 2/2009 *Bankar og endurskipulagning fyrirtækja*.

LÍ hefur haldið fram þeim rökum að ákvæði í samningum við erlenda sérleyfishafa, sem mæltu fyrir um að eigendaskipti gætu ekki átt sér stað án samþykkis sérleyfishafanna, hafi hamlað því að bankinn hafi farið með raunveruleg yfirráð í umræddum félögum. Í samrunaskrá vegna umræddrar yfirtöku, dags. 16. júní 2010, er upplýst nánar um sérleyfissamninga í þessu sambandi. Samkvæmt upplýsingum sem þar er að finna voru aðeins þrjú félaganna með sérleyfissamninga. Um er að ræða Bílaleigu Flugleiða¹², Pizza Pizza ehf.¹³ og Toyota á Íslandi hf.¹⁴ Þau félög sem eftir standa, þ.e. M. Kristinsson ehf., Sólning Kópavogi ehf. og Bergey fasteignarfélag ehf., virðast því ekki hafa gert slíka sérleyfissamninga og því geta framangreind rök LÍ með engum hætti átt við um þau.

Þrátt fyrir að sérleyfissamningar hafi verið til staðar í tilvikum þriggja áðurnefndra félaga leiðir sú staðreynd ein og sér ekki til þess að LÍ geti ekki talist hafa farið með yfirráð í þeim félögum. Ber hér að hafa í huga að stuttu eftir yfirtökuna seldi LÍ öll félögin, að einu undanskyldu, áfram til þriðja aðila. Úr því að sérleyfissamningar komu ekki í veg fyrir að LÍ gæti selt hlutaðeigandi félög getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þau rök að þeir hafi hamlað því að LÍ hafi farið með yfirráð í félögunum á meðan þau voru í eigu LÍ. Aðeins í einu tilviki virðist sem skortur á samþykki sérleyfishafa fyrir eigendaskiptum hafi verið fyrir hendi. Þannig kom fram í fyrrnefndri samrunaskrá að staða Toyota á Íslandi væri frábrugðin stöðu hinna félaganna þar sem erlendi sérleyfishafinn Toyota Motor Europe (TME) hefði ekki samþykkt eigendaskipti á félaginu.

¹¹ M. Kristinsson ehf. var síðan selt til þriðja aðila þann 4. ágúst 2009.

¹² Bílaleiga Flugleiða er með sérleyfissamning við Hertz International.

¹³ Pizza Pizza ehf. er með sérleyfissamning við Dominos International.

¹⁴ Toyota á Íslandi hf. er með sérleyfissamning við Toyota Motor Europe (TME).



Að þessu virtu telur Samkeppniseftirlitið ljóst að framangreind rök LÍ um að ákvæði í sérleyfissamningum hafi hamlað því að bankinn hafi farið með yfirráð geti mögulega aðeins átt við um eitt af hinum sex yfirteknum félögum, þ.e. Toyota á Íslandi hf. Hins vegar er ekki þar með sagt að ekki hafi verið um að ræða tilkynningaskyldan samruna í tilviki yfirtöku LÍ á Toyota þrátt fyrir að sérleyfishafinn TME hafi ekki samþykkt eigendaskipti á félaginu, heldur þarf meira að koma til, sbr. umfjöllun í kaflanum um hugtakið samruna hér á undan og nánar hér á eftir.

Í kaupsamningi um kaup LÍ á alla hluti í Toyota á Íslandi undirrituðum 1. júlí 2009 er eins og fyrr sagði gerður tiltekinn fyrirvari vegna TME. Svo virðist hins vegar sem TME hafi sjálft litið svo á stuttu eftir umrædda yfirtöku að LÍ hafi öðlast yfirráð yfir Toyota á Íslandi. Þannig segir eftirfarandi í bréfi Toyota Motor Europe frá 28. ágúst 2009:

„Based on what we can asses, it seems that, today, Landsbankinn has now the effective control of TICE (even if Magnus would still be the formal owner of TICE).“¹⁵

Hefur LÍ gefið þær skýringar á framangreindu að TME hafi þarna ekki átt við LÍ heldur Landsbankann (sem hét þá NBI en gekk jafnframt undir heitinu „Landsbankinn“). Segir LÍ að þetta megi ráða af því að bréfið sé stílað á Landsbankann, heimilisfang Landsbankans og framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Landsbankans. Bréfið sé auk þess liður í ítarlegri samskiptum Landsbankans og TME um fjárhagsmálefni Toyota á Íslandi og því sé ljóst að ekki sé átt við LÍ í þessu sambandi.

Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á að framangreindar skýringar LÍ. Eins og bréfið ber með sér eru viðtakendur bréfsins annars vegar Toyota á Íslandi hf. og hins vegar „LANDSBANKINN“, ekki NBI hf. Ekki hefur verið sýnt fram á að TME hafi á þeim tímapunkti sem umrætt bréf var ritað gert einhvern greinarmun á gamla Landsbankanum (LÍ) og nýja Landsbankanum (þá NBI) í þessu sambandi. Það er því ekki augljóst, eins og LÍ heldur fram, að TME sé í bréfinu að vísa til þess að Landsbankinn fari með yfirráð yfir Toyota og ekki LÍ. Hvað sem því líður er ljóst að samningurinn um kaup LÍ á öllu hlutafé í Toyota á Íslandi er skýr, skuldbindandi og leyfir samningsaðilum ekki einhliða að víkja frá skuldbindingum hans. Þá skiptir hér máli að í samkomulaginu frá 8. apríl 2009 kom fram að LÍ (ekki Landsbankinn, (NBI)) væri sá aðili sem ætti að hafa umsjón með samskiptum við erlenda leyfishafa. Samkeppniseftirlitið telur því að skýringar LÍ og umræddur fyrirvari hafi ekki þau áhrif að í yfirtöku LÍ á Toyota felist ekki samruni í skilningi samkeppnislaga, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2008 *Eignarhaldsfélagið Sævarhöfði ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Hvað hin félögin varðar er ljóst eins og fram hefur komið að LÍ yfirtók allt hlutafé Bergeyjar eignarhaldsfélags í Bílaleigu Flugleiða, M. Kristinssyni, Pizza-Pizza, Sólningu Kópavogi og Bergey fasteignafélagi með kaupsamningum dags. 1. júlí 2009. Hefur afsal verið gefið út vegna þessara viðskipta. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela þessir gerningar í sér samruna í skilningi samkeppnislaga.

¹⁵ Með TICE er átt við Toyota á Íslandi ehf.



LÍ hefur áréttað í bréfi til Samkeppniseftirlitsins að þegar umrædd félög voru tekin yfir hafi verið um að ræða heildarráðstöfun hvað varði hagsmuni LÍ sem lánardrottins og veðhafa gagnvart skuldurum.¹⁶ Þrátt fyrir það heldur LÍ því fram að yferráð yfir umræddum félögum hafi ekki verið hjá LÍ heldur hjá viðskiptabönkum félaganna, þá einkum Landsbankanum. Hefur LÍ ekki fært nein frekari viðhlítandi rök fyrir því eða sýnt fram á gögn máli sínu til stuðnings. Hvað Landsbankinn varðar verður ekki annað séð en bankinn hafi sjálfur litið svo á að hann hafi fyrst öðlast yferráð yfir félaginu Pizza-Pizza þegar hann keypti félagið af LÍ þann 18. mars 2011, sbr. bréf Landsbankans dags. sama dag, samrunatilkynningu Landsbankans og fylgiskjöl með henni. Sama má segja um yferráð Landsbankans yfir Sólningu. Samkvæmt tilkynningu Landsbankans um yfirtöku á Sólningu og fylgigögnum með henni er ljóst að Landsbankinn hafi litið svo á að bankinn hafi fyrst öðlast yferráð yfir Sólningu eftir að LÍ hafði virkjað kauprétt sinn í félaginu og selt það um leið til Landsbankans, þ.e. þann 3. maí 2011. Að öllu þessu virtu getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á framangreind sjónarmið LÍ um að yferráð hafi legið hjá Landsbankanum og ekki LÍ.

Að öllu framangreindu virtu getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á rök LÍ fyrir því að í umræddum yfirtökum hafi ekki fallist samruni í skilningi samkeppnislaga. Af fyrirbyggjandi gögnum málsins verður ekki annað séð en að LÍ sé sá aðili sem stóð að yfirtökunni í skilningi samkeppnislaga og hafi náð yferráðum yfir umræddum dótturfélögum Bergeyjar eignarhaldsfélags eigi síðar en við undirritun kaupsamninga þann 1. júlí 2009.

2. Skylda til tilkynningar og bann við framkvæmd samruna

Í 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga kemur fram að tilkynna skuli Samkeppniseftirlitinu um samruna áður en hann kemur til framkvæmda en eftir að samningur um hann er gerður, tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða yferráða í fyrirtæki er aflað. Þá kemur fram í ákvæðinu að samruni sem fellur undir ákvæði samkeppnislaga skuli ekki koma til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann. Framangreint ákvæði kom inn í samkeppnislög með lögum nr. 94/2008 um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005 sem gildi tóku í maí 2008 og var það nýmæli að samruni mætti ekki koma til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallaði um hann. Kemur fram í lögskýringargögnum að ákvæðið sæki fyrirmynd sína til EES/ESB-samkeppnisréttar.

Af framangreindu er ljóst að samkeppnislög kveða á um að samruni sem fellur undir samkeppnislög skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en tilkynnt hefur verið um samrunann til Samkeppniseftirlitsins og ákvörðun stofnunarinnar liggur fyrir um að hann hindri ekki virka samkeppni. Er ákvæði 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga þannig ætlað að stöðva alla framkvæmd á samruna sem fellur undir lögin þar til hann hefur beinlínis verið heimilaður (e. suspensory effect).¹⁷ Á þetta við nema fallist hafi verið á beiðni um undanþágu skv. 4. mgr. 17. gr. a frá því að samruni komi ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann. Slíkt kom ekki til álita í máli þessu þar sem LÍ óskaði ekki eftir slíkri undanþágu. Ljóst er að bann við framkvæmd á samruna tekur til framkvæmdar að fullu eða hluta. Í ákvæðinu felst m.a. bann við hvers konar ráðstöfun

¹⁶ Sbr. t.d. umfjöllun í kafla II bls. 6 í bréfi LÍ dags. 6. apríl 2010.

¹⁷ Sjá t.d. Faull & Nikpay, *The EC Law of Competition*, önnur útgáfa 2007 bls. 544: „... Article 7(1) establishes a „suspensory effect“ or a „bar on closing“ until express or deemed authorisation. The parties are not permitted to close the deal or take any steps that can be deemed to be implementation of the operation without notifying and before authorisation by the Commission ...”



kaupanda á andlagi samrunans, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 22/2009 *Brot Haga hf. á samrunareglum samkeppnislaga*.¹⁸

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. b samkeppnislaga hvílir tilkynningarskyldan á því félagi sem „stóð að yfirtökunni“. Líkt og fram hefur komið er LÍ sá aðili sem stóð að yfirtökunni í skilningi samkeppnislaga. Í þessu sambandi skal áréttað að ekki er gert ráð fyrir því samkvæmt gildandi samkeppnislögum að Samkeppniseftirlitið kalli eftir samrunatilkynningu eða upplýsi fyrirtæki fyrirfram um hvort tiltekna aðgerðir feli í sér samruna í skilningi samkeppnisréttar.

Af framangreindu leiðir að sú skylda hvíldi á LÍ að tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samrunann áður en hann kom til framkvæmda og að framkvæma ekki samrunann fyrr en eftirlitið hefði lokið athugun sinni, sbr. einnig g. liður 1. mgr. 37. gr. samkeppnislaga.

Yfirtaka LÍ á umræddum fyrirtækjum felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga, sbr. umfjöllun hér að framan. Aðgerðir LÍ í kjölfar undirritunar kaupsamninga, þ.m.t. sala á yfirteknum fyrirtækjum, staðfesta að samruninn var framkvæmdur í andstöðu við 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Jafnframt er ljóst að í þessu fólst einnig brot á tilkynningarskyldu skv. sama ákvæði.

Í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins er vísað til þess að bréf vegna samrunans hafi ekki borist frá LÍ fyrr en 16. júní 2010 og eftir að Samkeppniseftirlitið hafði hafið rannsókn á málsatvikum. Í athugasemdum sínum við andmælaskjalið hefur LÍ mótmælt framangreindu og vísað til þess að bréf í tengslum við Bílaleigu Flugleiða ehf. hafi verið sent af hálfu Landsbankans þann 2. mars 2010 og í framhaldinu hafi Samkeppniseftirlitinu borist bréf frá LÍ þann 6. apríl 2010. Hvað þessa athugasemd LÍ varðar vill Samkeppniseftirlitið benda á að í umræddu bréfi Landsbankans frá 2. mars. 2010 er hvergi vikið að samruna LÍ og umræddra dótturfélaga Bergeyjar eignarhaldsfélags heldur einungis tilkynnt um að Landsbankinn hafi haft milligöngu um að selja Bílaleigu Flugleiða ehf., sem LÍ hafði leyst til sín sem lið í innheimtu vangoldinna skulda, til félagsins Norðurlöndin ehf. Frekari upplýsingar eða skýringar voru ekki að finna í bréfinu. Þannig var ekki gerð grein fyrir hvaða skuldara var um að ræða og ekki var heldur minnst á Bergey eignarhaldsfélag í þessu sambandi, dótturfélög þess eða yfirtöku LÍ á þeim. Hins vegar er fjallað um Bergey eignarhaldsfélag og tengd atriði í bréfi LÍ dags. 2. apríl 2010. Barst það bréf í kjölfar áður nefnds bréfs Samkeppniseftirlitsins frá 17. mars 2010 þar sem óskað var eftir nánar tilgreindum upplýsingum í sambandi við sölu á Bílaleigu Flugleiða, sbr. umfjöllun í kafla I í ákvörðun þessari. Í bréfi LÍ frá 6. apríl 2010 felst hins vegar ekki samrunatilkynning í skilningi samkeppnisréttar. Þetta bréf hefur að geyma takmarkaðar upplýsingar frá LÍ um þau samskipti og gerninga sem leiddu til þess að LÍ tók yfir umrædd dótturfélög Bergeyjar eignarhaldsfélags og seldi þau öll, að einu undanskyldu, áfram til þriðja aðila stuttu síðar. Bréfin frá 2. mars og 6. apríl 2010 hafa því ekki þýðingu í þessu máli.

Með bréfi, dags. 16. júní 2010, var tilkynnt um yfirtöku LÍ á umræddum félögum. Í 3. kafla tilkynningarinnar er tekið fram að með því „að láta tilkynningu þessa ná yfir Toyota á Íslandi felst ekki á neinn hátt viðurkenning af hálfu bankans að yfirráð í skilningi

¹⁸ Sjá einnig t.d. Faull & Nikpay, *The EC Law of Competition*, önnur útgáfa 2007 bls. 544.



Samkeppnisréttar hvað varðar Toyota á Íslandi ehf. hafi stofnast frekar en hvað varðar önnur félög sem tilkynning þessi nær yfir." Í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins var á því byggt að sökum þessa fyrirvara hefði þetta bréf ekki falið í sér tilkynningu á samruna í skilningi samkeppnislaga. Lí mótmælir þessu.

Í 17. gr. samkeppnislaga er hugtakið samruni skýrt. Ekki er ráð fyrir því gert í lögunum að unnt sé að tilkynna um samruna með fyrirvara eða óska eftir álitum Samkeppniseftirlitsins á því hvort viðkomandi gerningur teljist vera tilkynningarskyldur samruni. Ber í því sambandi að hafa í huga að lög nr. 107/2000 felldu úr gildi heimild samkeppnisyfirvalda til þess að gefa álit í samrunamálum fyrirfram. Í 17. gr. a segir að tilkynna skuli um samruna og að í tilkynningu skuli veita upplýsingar um hann. Tilkynning um samruna telst því ekki gild nema samrunaðili tilkynni í góðri trú gerning sem hann telur og rökstyður að feli í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Ekki er því unnt að fallast á það með Lí að í bréfinu frá 16. júní 2010 hafi falist tilkynning á samruna í samræmi við samrunaákvæði samkeppnislaga, sbr. einnig reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna. Hvað sem þessu líður er ljóst að brot Lí á 3. mgr. 17. gr. a hafði átt sér stað áður en þetta bréf Lí barst Samkeppniseftirlitinu.

3. Viðurlög

Lí heldur því fram að ekki sé tilefni til að beita félagið viðurlögum. Er vísað til sérstakra aðstæðna sem hafi valdið verulegri óvissu um hvort Lí hafi náð yferráðum yfir dótturfélögum Bergeyjar eignarhaldsfélags. Þau fordæmi sem Samkeppniseftirlitið vísi til eigi við um allt aðrar aðstæður. Í málinu hefur einnig verið vísað til laga um gjaldþrotaskipti og til þess að Lí sé í slitameðferð. Einnig er vísað til aðstæðna í efnahagslífinu almennt og til fjárhagslegrar stöðu dótturfélaga Bergeyjar eignarhaldsfélags.

Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Lí hafi náð yferráðum yfir umræddum dótturfélögum Bergeyjar eignarhaldsfélags eigi síðar en við undirritun kaupsamninga þann 1. júlí 2009. Að öllu framangreindu virtu er það engum vafa undirorpið að samruni Lí og umræddra dótturfélaga Bergeyjar eignarhaldsfélags kom til framkvæmda áður en hann var tilkynntur og þar með áður en Samkeppniseftirlitinu gafst færi á að fjalla um hann. Einnig er ljóst að tilkynningarskylda var ekki virt þegar af þeirri ástæðu að samruninn kom til framkvæmda áður en hann var tilkynntur. Er því eins og fyrr sagði um að ræða brot á 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga.

Samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga leggur Samkeppniseftirlitið stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn banni við að samruni komi til framkvæmda og tilkynningarskyldu samkvæmt 17. gr. a, sbr. g-liður 1. mgr. 37. gr. Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga er fyrirtæki einstaklingur, félag eða aðrir sem stunda atvinnurekstur. Atvinnurekstur er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað er með gegn endurgjaldi, sbr. 1. tl. 4. mgr. laganna. Sætir hugtakið fyrirtæki sjálfstæðri skýringu í þeim skilningi að merking þess getur verið önnur en lögð er í það á öðrum réttarsviðum, svo sem á sviði félagaréttar.¹⁹

¹⁹ Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 16. desember 2003 í máli COMP/E-1/38.240- Industrial tubes: „The subject of Community and EEA competition rules is the „undertaking“, a concept that is not identical with



Landsbanki Íslands hf. var stofnaður 10. september 1997 og starfaði samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995. Var félagið rekið sem viðskiptabanki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og hafði félagið starfsleyfi sem viðskiptabanki og laut eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Eins og kunnugt er tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar í október 2008 og skipaði Landsbankanum skilanevnd. Var henni ætlað að fara með öll málefni bankans samkvæmt þágildandi lögum, þar á meðal að hafa umsjón með allri meðferð eigna hans og annast rekstur. Eins og segir á heimasíðu LÍ fór skilanevndin með svipað vald og stjórn fyrirtækis myndi venjulega gera.

Slitastjórn var skipuð með bréfi Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 2009. Eins og fram hefur komið var umrætt samkomulag LÍ og Landsbankans við Magnús Kristinsson, Smáey ehf. og Bergey eignarhaldsfélag undirritað þann 8. apríl 2009 og kaupsamningar um kaup LÍ á dótturfélögum Bergeyjar eignarhaldsfélags voru undirritaðir 1. júlí 2009. Þá seldi LÍ flest félögin aftur þann 4. ágúst 2009 að undanskildum félögunum Bílaleiga Flugleiða sem var selt í febrúar 2010 og Toyota á Íslandi hf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. nóvember 2010 var fallist á kröfu skilanevndar og slitastjórnar LÍ og félagið tekið til slitameðferðar skv. B hluta XIII. kafla laga nr. 161/2002. Frá og með þeim tíma hefur LÍ verið fjármálafyrirtæki í slitameðferð í samræmi við íslensk lög.

Ljóst er að þegar kaupsamningar um kaup LÍ á dótturfélögum Bergeyjar eignarhaldsfélags voru undirritaðir þann 1. júlí 2009 og þegar félögin voru seld til þriðja aðila í kjölfarið var LÍ undir sameiginlegri stjórn skilanevndar og slitastjórnar bankans. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að þegar skilanevnd var skipuð tók hún við þeim réttindum og skyldum sem stjórn fyrirtækisins og hluthafafundur höfðu á hendi, sbr. 2. málsl. 4. mgr. 101. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 með síðari breytingum. Um störf og stöðu þeirra sem sitja í skilanevnd og slitastjórn gilda sömu reglur og um skiptastjóra skv. lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Í þeim lögum segir m.a. að „[m]eðan á gjaldþrotaskiptum stendur falla þær skuldbindingar á þrotabúið sem skiptastjóri bakar því eða einhver sá sem hann hefur heimilað að skuldbinda það.“, sbr. 2. mgr. 73. gr. framangreindra laga.

Að framangreindu virtu lítur Samkeppniseftirlitið svo á að rekstur þrotabús LÍ felur í sér atvinnustarfsemi í skilningi samkeppnislaga. Líkt og fram hefur komið féllu á þrotabúið þær skuldbindingar sem skilanevnd og slitastjórn LÍ bökuðu félaginu á meðan gjaldþrotaskiptum stóð. Meðlimir skilanevndar og slitastjórnar eru opinberir sýslunarmenn í störfum sínum og þeim ber skylda til að fara að lögum í öllu tilliti, þar með talið samkeppnislögum. Er því að mati Samkeppniseftirlitsins unnt að leggja sekt á LÍ vegna brota á samkeppnislögum.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2002 *Landssími Íslands hf. gegn samkeppnisráði* kemur fram að sektarákvæði samkeppnislaga sé ætlað að skapa almenn

the notion of corporate legal personality in national commercial or fiscal law." Sjá einnig Kerse & Khan, EC Antitrust Procedure, 5. útg. 2005, bls. 363: „... it is important to note that „undertaking“ is essentially a functional and economic concept which for competition law purposes is not necessarily identical with that of legal personality under national company laws.“



og sérstök varnaðaráhrif. Eins og 37. gr. samkeppnislaga ber með sér felur ákvæðið hins vegar ekki í sér skyldu til álagningar sekta við öllum brotum á bannákvæðum laganna. Mjög ríkar ástæður verða hins vegar að réttlæta það að sektum sé ekki beitt vegna brota á samkeppnislögum, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 10/2008 *Sundagarðar ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Í 37. gr. samkeppnislaga kemur m.a. fram að sektir geti numið allt að 10% af veltu síðasta almanaksárs hjá því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum. Við ákvörðun sekta ber skv. ákvæðinu að hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamla og hvað þær hafa staðið lengi. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2002 segir að hér sé ekki um að ræða tæmandi talningu á þeim atriðum sem horfa megi til við álagningu sekta. Hefur áfrýjunarnefndin talið að það megi einnig líta t.d. til stærðar fyrirtækja sem teljast brotleg, huglægrar afstöðu stjórnenda, hagnaðarsjónarmiða og eldri brota sömu aðila á samkeppnislögum, sbr. einnig úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 3/2008 *Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*. Til þess að sektir í samkeppnismálum hafi áhrif verður m.a. að horfa á veltu viðkomandi fyrirtækis, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 4/2006 *Dagur Group hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

LÍ hefur haldið því fram að þau fordæmi sem Samkeppniseftirlitið hafi vísað til taki til tilvika sem eru ekki sambærileg við þá stöðu sem uppi var í þessu máli. Þetta skýri að LÍ hafi ekki tilkynnt um yfirtökuna. Þegar samruninn hafi átt sér stað hafi engin reynsla verið komin á það hvernig samkeppnisyfirvöld tækju á yfirtökum banka og fjármálafyrirtækja á öðrum félögum í tengslum við gjörbreyttar aðstæður í efnahagslífinu. Hvað þetta sjónarmið LÍ varðar þá telur Samkeppniseftirlitið að almennt beri að líta til þess að ekki er unnt að fallast á það sem málsástæðu að fyrirtæki þekki ekki inntak samkeppnislaga eða að sjónarmið þau sem samkeppnislög byggja á séu ný af nálinni, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 37/2003 *Sölufélag garðyrkjumanna o.fl. gegn samkeppnisráði*. Ekki síst stærri fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypur hafa alla möguleika á því að gera sér grein fyrir inntaki samkeppnislaga. Telur Samkeppniseftirlitið því að LÍ hafi mátt vera ljóst hvert væri inntak reglu 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Á hinn bóginn telur Samkeppniseftirlitið unnt að horfa til þeirra sjónarmiða sem LÍ hefur lýst um að ákveðin óvissa hafi verið fyrir hendi í apríl 2009 vegna þeirra aðstæðna sem fyrir hendi voru í þessu máli. Telur Samkeppniseftirlitið að sú óvissa skipti máli fyrir mat á huglægri afstöðu stjórnenda LÍ og hafi áhrif til mildunar viðurlaga.

Við mat á viðurlögum verður hins vegar að hafa í huga að brot gegn ákvæðinu grafa undan virku samrunaeftiliti. Eru hin undirliggjandi markmið 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga því mikilvæg. Brot sem vinna gegn framkvæmd samrunareglna þykja því almennt séð alvarleg, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 10/2008 *Sundagarðar ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Sú staðreynd að samruni reynist ekki raska samkeppni afsakar ekki brot á 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 15/2009 *Sena ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Í máli þessu hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að Landsbanki Íslands hf. hafi brotið gegn banni 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Var brotið til þess fallið að samrunaákvæði samkeppnislaga næði ekki markmiði sínu. Umtalsverður tími leið frá því að LÍ tók umrædd félög yfir og þar til LÍ greindi Samkeppniseftirlitinu frá yfirtökunum. Eins og



rökstutt hefur verið telur Samkeppniseftirlitið að bréf LÍ 16. júní 2010 hafi ekki falið í sér tilkynningu um samruna vegna fyrirvara sem þar koma fram. Samkeppniseftirlitið telur hins vegar, með hliðsjón af öllum atvikum þessa máls, að ófullnægjandi samrunatilkynning LÍ eigi ekki að hafa áhrif til hækkunar sekta. Í þessu sambandi telur Samkeppniseftirlitið rétt að fallast á að bréf LÍ frá 16. júní 2010 hafi eftir sem áður verið ákveðin viðleitni til þess að upplýsa eftirlitið um þá yfirtökugjörninga sem um ræðir í málinu.

Eins og nefnt er að framan er tilgreint í 37. gr. samkeppnislaga m.a. að sektir geti numið allt að 10% af veltu síðasta almanaksárs hjá því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum. Þar sem í þessu máli er um að ræða uppgjör (rekstur) á þrotabúi, sem er frábrugðið venjulegum rekstri félaga, verður hefðbundin tekjuvelta af reglulegri starfsemi ekki lögð til grundvallar ákvörðunar sektar eins og tíðkað er gagnvart starfandi rekstarfélögum. Hjá þrotabúi eins og LÍ eru helstu tekjur, ef einhverjar, vaxtatekjur og/eða endurmatstekjur eigna. Í bréfi frá Landsbanka Íslands hf. (LÍ), dags. 2. desember 2010, kemur fram að vaxtatekjur ársins 2009 hafi verið um 111 milljarðar króna og að heildareignir 31. desember 2009 séu um 1.195 milljarðar króna. Samkvæmt upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið hefur var áætlað verðmæti þrotabús LÍ 31. mars 2011 um 1.245 milljarðar króna og hafði hækkað um 70 milljarða króna frá 31. desember 2010.

Í ljósi alls framangreinds telur Samkeppniseftirlitið rétt að leggja á LÍ sekt að fjárhæð kr. 40 milljóna vegna brota LÍ gegn 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.

III.

Ákvörðunarorð:

„Landsbanki Íslands hf. braut gegn 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 með þeim aðgerðum sem nánar er lýst í ákvörðun þessari.

Með vísan til rökstuðnings í ákvörðun þessari og með heimild í 37. gr. samkeppnislaga skal Landsbanki Íslands hf. greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 40.000.000 (fjörutíu milljónir króna) vegna þessara brota.

Sektin skal greiðast í ríkissjóð eigi síðar en einum mánuði eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar. Sé sektin ekki greidd innan þessa tíma skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar, sbr. 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll G. Pálsson